

Skaftfell  
Miðstöð myndlistar á Austurlandi  
greinagerð um starfsemi ársins 2007

Menningarráð Austurlands  
Miðvangi 2  
700 Egilsstaðir  
bt/ Signý Ormarsdóttir



## Skafffell Miðstöð myndlistar á Austurlandi – greinagerð um starfsárið 2007

Starfsemi Skafffells hefur gegnið með ágætum á líðandi ári, sýningarhald verið með nokkuð hefðbundnu móti og mæting á viðburði verið góð. Skafffell hefur fengið mikla og góða fjölmiðla umfjöllun á árinu, við listmuna uppboðið jókst áhugi fjölmiðla mikið á starfseminni og náði Skafffell jafnvel inná síður Séð og Heyrt! Undirrituð hefur fundið sterkt fyrir því hve þessi góða og mikla umfjöllun hefur vakið menn til vitundar um það starf sem er unnið í Skaffelli og það ætti að verða til þess að auðvelda fjármögnun listrænnar starfsemi Skafffells á komandi misserum.

### Listræn starfsemi

Listmunauppboð Skafffells var haldið í Reykjavík þann 17. febrúar 2007. Uppboðið tókst með ágætum og seldist rúmur helmingur þeirra ríflega 40 verka sem boðin voru upp. Hagnaður af uppboðinu, að frádregnum kostnaði, var um 2,2 milljónir. Þarna ber þó að taka fram að fjöldi manns gaf vinnu sína við undirbúning og framkvæmd uppboðsins. Það er engin hefð fyrir uppboðum á samtímalist á Íslandi og allir þeir er undirrituð ræddi við að uppboðinu loknu voru sammála um að þetta hefði gengið vonum fram. Undirritaðri þykir þó uppboð sem þetta vekja upp áleitnar spurningar um fjármögnun stofnunar eins og Skafffells; hvort það sé veruleikinn að listamennirnir sem hafa nú þegar lagt mikið inn í reksturinn þurfi einnig að koma með þessum hætti að fjármögnuninni til að Skafffell geti sinnt starfi sínu.



### *Myndlist í orði og á borði*


listamannaspjall listakvenna er dvöldust á Skriðuklaustri, opnun á sýningu Bjarka Bragasonar á Vesturveggnum og leiðsögn um sýningu Haraldar Jónssonar *Krumpað myrkur* fór fram í Skaffelli 15. febrúar í góðu samstarfi við Gunnarsstofnun og með þáttöku nemenda af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum auk góðra gesta.



Árlegt námskeið Dieter Roth Akademiunnar, Listaháskóla Íslands og Skaftfells hófst 1. mars í hríðarbyl. Nemarnir voru 10 talsins, blanda af útskriftarnemum og gestanemum. Í ár bættist Tækniminjasafnið í hóp þeirra sem standa að námskeiðinu en að auki tók fjöldi fyrirtækja og einstaklinga á Seyðisfirði þátt í framkvæmd námskeiðsins sem endranær. Sýning nemanna var opnuð 17. mars og mæting á opnun

var sú mesta sem undirrituð hefur séð í Skaftfelli. Það er unaðslegt að verða vitni að því hversu opnum örmum bæjarbúar taka þessum hópi nemenda og hversu fúsir menn eru að leggja sitt af mörkum og taka þátt í allri framkvæmdinni.

Vorsýning Finns Arnar, Jóns Garðars Henryssonar og Þórarins Blöndal *Angur:blíða* tókst með ágætum. Hún var opnuð 19. maí og var listahátíðin Áseyði sett við sama tækifæri. Léttuveit Reykjavíkur tók nokkur lög á opnuninni og svignuðu gólfborðin af gleði við söng þeirra! Sama dag var fyrsta sýning sumarsins í sýningaröð Vesturveggsins opnuð og voru það Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson sem riðu á vaðið. Sýningar Vesturveggsins voru svo endurnýjaðar með ca. 2 vikna millibili í allt sumar.



Sumarsýning Tuma Magnússonar opnaði 7. júlí og var henni vel tekið, meðal annars kom hópur norræna myndlistarkennara, sem voru staddir á námskeiði á Eiðum, í heimsókn á sýninguna og fengu fyrirlestur um Skaftfell auk þess að spjalla við Tuma um sýninguna.



Haustsýningin *Listsýning* með þeim Jóni Óskari, Huldu Hákon, Erlu Þórarins og Steingrími Eyfjörð opnaði þann 11. ágúst, sýningin mun standa til 11. nóvember.

Aðventusýningin hverfist um bókverk að þessu sinni og hún opnar 1. desember, en að kvöldi sama dags verður hið árlega bókmenntakvöld haldið Skaftfelli, bókmenntakvöldið hefur undanfarin ár verið unnið með Gunnarsstofnun og Vopnfirðingum undir heytinu *Rithöfundalestin*, nú í ár bætist Þórshöfn í hóp þeirra er taka á móti lestinni.

Dagskrá Vesturveggsins var þéttskipuð listamönnum sem allir eiga það sameiginlegt að vinna á mörkum tónlistar og myndlistar í einhverjum skilningi. Listamennirnir stóðu allir fyrir tónlistarviðburðum af einhverju tagi á opnun sýninga sinna og það átti einstaklega vel við í ljósi þess að Vesturveggurinn er staðsettur í Bistrófi Skaftfells.



Þeir listamenn sem sýndu á Vesturveggnum sumarið 2007 eru:  
Helgi Þórsson og Sigtryggur Berg Sigmarsson  
Elvar Már Kjartansson aka. Auxpan  
Árni Geir Lárusson og Jökull Snær Þórðarson  
Hrafnhildur Halldórsdóttir  
Hildur Guðnadóttir og B.J.Nilsen  
Helgi Örn Pétursson og Þórunn Eymundardóttir



Um miðjan nóvember mun opna *Salon* sýning á Vesturveggnum þar sem sýnd verða myndverk eftir Seyðfirsku listamenn, leikna og lærða. Sú sýning mun standa út árið.

Geirahús varð eign Skaftfells á árinu. Bærinn mun þó enn leggja til því sem nemur fasteignagjöldunum auk þess sem þeir hafa samþykkt að lána starfsmenn vinnuskólans til garðvinnu eftir þörfum sem viðbótar styrk. Brimberg ehf. hefur tekið að sé að greiða rafmagn og hita á Geirahúsi og munum við því geta haft fullan hita á húsinu eftirleiðis. Undirrituð sótti um styrk til þjóðhátíðarsjóðs á árinu en fékk synjun. Það er þó brýnt mál að fara að beina sjónum að viðhaldi og viðgerðum á Geirahúsi auk varðveislu á sögu Geira og list.



Vinna við undirbúning fræðsluverkefnis vetrarins fór hægt af stað en var komin á gott ról um vorið. Sú ákvörðun var tekin að hafa eina sýningu í staðin fyrir tvær og að hún yrði í jan-feb 2008. Þetta er mun hentugra fyrirkomulag að öllu leyti, bæði fyrir Skaftfell, Listasafn Íslands og grunnskólana. Skaftfell og Listasafn Íslands hafa undirritað samstarfssamning um verkefnið og undirrituð kynnti verkefnið á haustþingi Kennarasambands Austurlands. Útlit er fyrir góða þátttöku grunnskólanna og nokkuð ljóst á viðtökunum að verkefni sem þetta er ákaflega þörf viðbót í listgreinakennslu innan skólanna. Vinna við undirbúning sýningarinnar og fræðsluefnisins er í fullum gangi og áætluð opnun sýningarinnar er 19. janúar 2008.



Gestavinnustofa Skaftfells hefur verið þétt bókuð allt árið, fjöldi listamanna sem nýta sér gestavinnustofuna í ár er um 25 – 30 manns og þó þurfti að vísa mörgum frá. Þessir listamenn eru af fjölbreyttu þjóðerni þótt Íslendingar hafi verið áberandi í ár. Það er lögð mikil áhersla á það við val á listamönnum að þeir hyggist nýta tímann sem þeim er úthlutað í gestavinnustofunni til vinnu og er valið því að miklu leyti byggt á þeirri verkefni lýsingu sem þeir leggja fram með

umsókninni. Það væri því óskandi að svigrúm gæfist í nánustu framtíð til að gera vinnu þessara listamann sýnilegri fyrir gesti Skaftfells og ef framtíðarplönin ná fram að ganga ætti svo að verða.

## Almennt um starfsemina

Starfsemi Skaftfells hefur gengið mjög vel á árinu miðað við þann fjárhagslega ramma sem stofnuninni er búinn. Búið er að ráða skrifstofu- og móttökustjóra í hlutastarfi í Skaftfell frá næstu áramótum, er það fyrsta skrefið í að gera breytingar á vinnuskipulagi innan Skaftfells með það fyrir augum að listrænt starf stofnunarinnar megi verða þéttara og betur unnið og öll fjármögnunarvinna markvissari. Markmið næstu þriggja ára er að auka verulega fast rekstrarfé stofnunarinnar, fjölga störfum og stækka húsið. Viðbótar húsnæði fyrir geymslur, vinnuaðstöðu fyrir listamenn og starfsfólk verður sífellt meira aðkallandi. Sér í lagi ef horft er til fjölgunar starfsmanna, hugmyndir um aukið samstarf við Listaháskólann og aðrar menntastofnanir og frekari útvíkkun á starfseminni. Ekki er nokkur skortur á verkefnum eða hugmyndum sem meiga verða til þess að auka vægi Skaftfells sem Miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, listheiminum og austfirðingum til framdráttar. Fjölgun starfa og aukin þátttaka í menntamálum innan fjórðungs er ákaflega mikilvægur áfangi sér í lagi ef horft er til atvinnuástands og vaxtardreifingar innan svæðisins. Það er Skaftfelli mikilvægt að geta gefið af sér og skipt raunverulegu máli í samfélaginu, ekki bara mælt í menningarlegum lífsgæðum heldur einnig í fjárhagslegu tilliti. Þarna er aðkoma Menningarráðsins og þar með Menntamálaráðuneytisins mjög mikilvægur þáttur til að Skaftfell megi blómstra og hagur sveitarfélagsins og fjórðungsins vænkast í kjölfarið.

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra að lokum

Nú á haustdögum sendi framkvæmdastjóri erindi varðandi brýna þörf á auknum föstum fjárframlögum til Menningarráðs Austurlands fyrir hönd stjórnar Skaftfells. Eingin formleg svör hafa borist enn varðandi erindið, undirrituð er meðvituð um að viðræðum við ríkið um fjárframlög til menningarráðsins er ekki lokið en til að ítreka enn frekar óskir stjórnar Skaftfells um aukna þáttöku Menningarráðsins í fjármögnun Skaftfells fylgir framgreint bréf með þessari greinagerð. Einnig fylgja með drög að fjárhagsáætlun ársins 2008 auk ársreiknings 2006. Vegna þeirrar stöðu sem Menningarráðið hefur að gegna gagnvart ríkinu þykir undirritaðri eðlilegt að það komi með ákveðnari hætti að fjármögnun Skaftfells. Skaftfell er sjálfstæð stofnun og nýtur því ekki þess að rekstrarkostnaður húsnæðis, bókhald og reikningsskil og önnur föst rekstrargjöld séu í umsjá sveitarfélagsins. Þessi kostnaður er afskaplega stór hluti af útgjöldum stofnunarinnar og ekki hægt um vik að skera þar niður, né heldur að fjármagna hann með lausa styrkjum þar eð þetta eru þeir kostnaðarliðir sem verða að vera tryggðir í upphafi rekstrarárs. Á meðan fastur rekstrarstyrkur Skaftfells er óbreyttur er því óhjákvæmilegt að þetta bitni mjög á sýningarhaldi og annarri starfsemi Skaftfells. Það er alger lágmarks krafa að fastur rekstrarstyrkur nái að dekkja föst útgjöld í kjarna miðað við eitt og hálf stöðugildi starfsmanns, með því móti væri hægt að vinna mun markvissar í því starfi sem skiptir hvað mestu máli fyrir stofnunina, listræn starfsemi og fjármögnun hennar næði mun frekar að blómstra undir slíkum kringumstæðum.

Seyðisfirði 7.nóvember 2007  
Þórunn Eymundardóttir, framkvæmdastjóri



Seyðisfirði 20. ágúst 2007

**Menningarráð Austurlands**  
**Miðvangi 2-4**  
**Egilsstöðum**  
**bt/ Óðinn Gunnar Óðinsson og Signý Ormarsdóttir**

Á aðalfundi stjórnar Skaftfells þann 17. ágúst síðastliðin var tekin upp umræða um þríhliða samning Skaftfells, Menningarráðs Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaðar í ljósi hugsanlegrar endurnýjunar hans nú að loknu samningstímabili. Var það ályktun stjórnar að einlægur vilji væri fyrir hendi hjá forsvarsmönnum Skaftfells að uppfylla öll atriði menningarsamningsins og halda áfram á þeirri braut sem nú hefur verið mörkuð. Þó er það alveg ljóst að sú vinna sem fyrir höndum er verður ekki unnin nema með auknum föstum fjárframlögum.

Sem stendur er einungis einn starfsmaður í Skaftfelli og er hann í fullu starfi 5 mánuði ársins og hálfri stöðu þess utan. Þessi starfsmaður sinnir nú öllum þeim störfum sem rekstur Skaftfells felur í sér, allt frá fjáröflun og kynningarstarfi til ræstinga og bókhalds. Það er álit stjórnar að til þess að raunverulegur árangur náist í störfum Skaftfells og þau verkefni sem eru framundan verði unnin sem skyldi, sé algert lágmark að hafa framkvæmdastjóra í fullu starfi. Að auki er nauðsynlegt að vera með hálfst stöðugildi til viðbótar til að annast almennt skrifstofuhald, tilfallandi verkefnavinnu og umsjón með húsnæðinu. Í ofanálág væri æskilegt að geta ráðið tímabundið í afmörkuð verkefni s.s. sýningastjórnun, umsjón með móttöku og fyrirlestur á fræðslusýningum o.s.frv.

Í ljósi smæðar Seyðisfjarðarkaupstaðar samanborið við sveitafélög hinna menningarmiðstöðvanna þykir stjórninni ekki hægt að fara fram á frekari fjárframlög af hálfu sveitafélagsins. Hinsvegar þegar umfang og möguleikar starfsemi Skaftfells eru skoðaðir er ljós nauðsyn þess að tryggja aukið fast fjármagn. Eins og staðan er núna hljóðar mjög hógvæð rekstraráætlun upp á 12 milljónir á ári. Skaftfell hefur samkvæmt menningarsamningnum 6 milljónir á ári í fastar tekjur. Vegna tilvistar Menningarráðs Austurlands verður óhægt um vik að sækja um frekari fasta styrki beint til Menntamálaráðuneytisins.

Það er álit stjórnar að það hlutverk sem Skaftfell tekur að sér samkvæmt menningarsamningi sé ákaflega mikilvægt og geti skipt sköpum í menningarlífi og myndlistarþekkingu austfirðinga og annarra. Skaftfell hefur starfað að þessum málum frá stofnun þess 1998 og hefur áunnið sér mjög gott orðspor innan listheimsins, jafnt á Íslandi sem utan landssteinanna. Sú þekking og þau tengsl sem hafa myndast á þeim árum sem Skaftfell hefur starfað eru afar mikilvæg fyrir allan fjórðunginn og íslenskan listheim.

Skaftfell er um þessar mundir að hefja langtíma samstarf við Listasafn Íslands í fræðslumálum, ásamt samstarfi við skólana á Austurlandi. Sá möguleiki er fyrir hendi að þetta verkefni verði einskona "pælot verkefni" fyrir aðra landshluta og menningarstofnanir. Til að að verkefnið nái fullum þunga þurfa grunnstöðir Skaftfells að vera traustar. Það byggist fyrst og fremst á því að nægir fjármunir séu fyrir hendi svo að framkvæmdastjóri Skaftfells geti haft það athafnarými sem þarf til að sinna þessu sem og öðrum stórum verkefnum.

Samkvæmt skilningi stjórnar er það hlutverk ráðsins sem opinber stofnun innan menningarmálaráðuneytisins að hlúa að og rækta það sem vel er gert og skiptir sköpum í menningarmálum á heimasvæði ráðsins. Það er ekki heillavænleg þróun

ef stofnanir sem Skaftfell þurfa að treysta um of á fjárframlög úr einkageiranum, einkum og sér í lagi þegar kemur að rekstri á innviðum og stoðum stofnunarinnar. Það er því einlæg ósk stjórnar Skaftfells að Menningarráð Austurlands skoði þessi mál af kostgæfni og reyni að koma frekar á móts við Skaftfell í fjármögnun rekstrarins.

Með von um ánægjulegar viðræður við Menningarráð Austurlands og farsæla lausn mála.

Fyrir hönd stjórnar Skaftfells

Handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórunn Eymundardóttir'.

...

*Þórunn Eymundardóttir, framkvæmdastjóri/manager*  
-Skaftfell- Miðstöð myndlistar á Austurlandi / Center for Visual Art  
Austurvegi 42, 710 Seyðisfirði, Iceland  
Tel/Fax: (+354) 472 1632  
skaftfell@skaftfell.is  
www.skaftfell.is

...





SKAFTFELL MIÐSTÖÐ MYNDLISTAR Á AUSTURLANDI REKSTRARÁÆTLUN 2008 -  
FYRSTU DRÖG

**VERKEFNI**

**Fræðsluverkefni** (sjá ýtarlegri  
kostnaðaráætlun)

Heildar kostnaður	5,403,000
Framlag Listasafns Íslands	2,094,000
Framlag Skaftfells	620,000
<b>Útlagður kostnaður samtals</b>	<b>2,690,000</b>

<b>Sýningar 2008</b> (sjá sundurliðun)		<i>með 7% kjarna</i>
vorsýning-listahátíð	200,000	760,000
sumarsýning-Kristleifur Björnsson	200,000	760,000
haustsýning	200,000	760,000
aðventusýning	200,000	760,000
vesturveggurinn sumar 2008	350,000	910,000
<b>gjöld utan kjarna samtals</b>	<b>1,150,000</b>	<b>3,950,000</b>

\* gróft áætlað er kostnaður hvers verkefnis 7% af  
kjarna+ofangreind upphæð (gróflega áætluð)

<b>Önnur verkefni</b> (sjá sundurliðun)		<i>með 7% kjarna</i>
rithöfundakvöld	160,000	720,000
listahátíð-húllahopp	200,000	750,000
afmælisrit Skaftfells	500,000	1,060,000
Tilfallandi	300,000	860,000
<b>samtals</b>	<b>1,160,000</b>	<b>3,390,000</b>

\* gróft áætlað er kostnaður hvers verkefnis 7% af  
kjarna+ofangreind upphæð (gróflega áætluð)

**TEKJUR** 13,270,000

**GJÖLD** 13,159,600

**MISMUNUR** 110,400

<i>Aðrir styrkir:</i>	
MRA	1,000,000
Félagsheimilásj.	420,000
Aðrir sjóðir/Einkaaðilar	2,380,000
<b>samtals</b>	<b>3,800,000</b>

*ath nauðsyn þess að fá viðbótar  
rekstrarstyrk  
sem nemur lágmark 3.000.000*

<i>Laun m20% lt.gj.:</i>	
Framkvæmdastjóri	
182 þ. M.v. 70%	2,620,800
Skrifst.- og mót. Stj.	
72 þ. M.v. 30%	1,036,800
<b>samtals</b>	<b>3,657,600</b>

